

Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 3.1.2019

Tryggvagata, einstefna til vesturs frá Pósthússtræti að Naustinni.

Lagt er til að Tryggvagata verði einstefna til vesturs milli Pósthússtrætis og Naustarinnar.


Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Sjá myndir á næstu síðu. Tillagan er tilkomin vegna þess að tekin hefur verið ákörðun að umferð verði ekki hleypt á suðurhluta Steinbryggju þar sem grafið var niður á steinbryggjuna í sumar. Nú þegar er einstefna á Tryggvagötu til vesturs frá Lækjargötu að Pósthússtræti. Að óbreyttu verður Tryggvagata að botngötu við Pósthússtræti. Vandræði hafa skapast í botninum þar sem ökutæki, stór og smá, reyna að snúa við á sama tíma og umferð ekur eftir Tryggvagötu til vesturs.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á fyrirkomulagi bílastæða að þessu sinni. Breytingin hefur lítil áhrif á umferðarflæði umfram það sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um með lokun Steinbryggju við Tryggvagötu og einstefnu á Tryggvagötu frá Lækjargötu að Pósthússtræti.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir,
yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að einstefna verði á Tryggvagötu til vesturs frá Pósthússtræti að Naustinni. Einstefna er nú þegar á Tryggvagötu frá Lækjargötu að Pósthússtræti.



Mynd 2 Vandræði skapast á Tryggvagötu við Pósthússtræti ef heimilt er að aka í báðar áttir eftir götunni (myndir fengnar af vefnum „Verst lagði bíllinn“.)